

Edico handtölvulausn

Edico handtölvulausn

Handtölvulausnin byggist upp á Edico handheld hugbúnaði sem er útfærður í Rhoelements platformi frá Motorola. Edico handtölvulausn er í stöðugri þróun og ný virkni bætist við reglulega, einnig geta viðskiptavinir óskað eftir viðbótum sem henta þeim.

Virgni kerfisins

Sjálfsafgreiðsla:

Notandinn slær inn kennitölu og skannar síðan þær vörur sem hann hyggst versla. Notandinn getur bætt við eða tekið út vörur og fjölda þeirra handvirkt í handtölvunni. Þegar notandinn hefur tekið saman vörulistann og velur að ganga frá reikningnum. Til verður óbókaður reikningur í bókhaldskerfinu.

Sölupöntun:

Notandinn skannar eða velur þær vörur sem eiga að vera á sölupöntuninni ásamt fjölda eininga. Síðan í lokin er valinn viðskiptavinur og settar inn athugasemdir. Til verður sölupöntun á viðkomandi viðskiptavin í bókhaldskerfinu.

Vörutalning:

Handtölvun er sett í vörutalningarham og er þá með uppfærðan vörulista og fjölda á lager. Vara er skönnuð og sýnir þá fjölda sem á að vera á lager. Þá er talinn fjöldi stimplaður inn og staðfestur. Þetta er síðan gert fyrir allar þær vörur sem telja á. Til verður óbókuð vörutalning í bókhaldskerfinu.

Birgðaskráning:

Hentar vel þegar framleiðsla á sér stað eða ekki er um innkaupapantanir að ræða. Þá er hægt að velja vörur og fjölga þeim á lager.

Uppfletting vöru:

Vara er skönnuð og þá kemur fram vöruheiti, verð, staðsetning og magn á lager.

Innkaupapöntun:

Þessi virkni virkar eins og sölupöntun nema að valinn er birginn sem á að nota og síðan er búnaðurinn skannaður og fjöldinn skráður inn. Til verður óbókuð innkaupapöntun í bókhaldskerfinu. Þessi liður er ekki notaður þegar bókhaldskerfið er notað við að útbúa pantanatillögur.

Tiltekt pantana:

Hægt er að sækja sölupöntun í kerfinu og taka hana saman til afhendingar. Þá verður hún tilbúin til afhendingar og útskrift á reikning.

Kostnaðarskráning:

Hægt að skrá búnað á ákveðið verkefni í verkefnakerfi með því að nota þessa aðgerð. Þá er viðkomandi verkefni valið og búnaði bætt inn á það.

